

47. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 13. maí 2003 kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson,
Dagný Þórisdóttir,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Kristján Gunnlaugsson,
Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Hafnargata 2a. Sjávarpakkhúsið.
Umsókn um stækkun á viðbyggingu á Sjávarpakkhúsinu sbr. teikningu Ólafs Ó. Axelssonar dags. Apríl 2003. Byggingarnefnd samþykkir erindið með því skilyrði að formlegt samkomulag við lóðareiganda Aðalgötu 1 verði lagt fram. Byggingarleyfisgjald.
2. Hafnargata 9. Sæmundarpakkhús.
Lagt var fram bréf Jóns Nordsteien, arkitekts dags 22. apríl 2003 ásamt teikningum dags. mars 2003. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
3. Silfurgata 17. Bíslag fyrir aðalinngang.
Pétur Guðmundsson sækir um leyfi til að setja bíslag við útidyr á húseign sinni. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
4. Sjávarflöt 2. Framlenging á þaki við inngang.
Kristján Gunnlaugsson sækir um leyfi fyrir framlengingu á þaki við inngang samkv. teikningu Kristjáns Gunnlaugssonar. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
5. Höfðagata 23. Útlitsbreyting.
Friðrikka Sigurðardóttir og Bjarni Hilmir Sigurðsson sækja um leyfi til að fjarlægja reykþáf og saga gat á sökkulvegg. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
6. Önnur mál.
 1. Deiliskipulag
Tekin voru fyrir drög að deiliskipulagi fyrir sumarhúsabyggð vestan við Nýrækt eftir Bæring B. Jónsson, arkitekt. Umræður fóru fram um deiliskipulagið. Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagið verði samþykkt.

2. Silfurgata 38. Klæðning.
Einar Steinþórsson sækir um leyfi til þess að klæða húsið sitt með Steni. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
3. Nestún 14.
Eveline Haraldsson sækir um leyfi fyrir skýli við inngang. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
4. Aðalgata 15.
Jónas Gunnarsson sækir um leyfi til að byggja sólpall og uppsetningu á heitum pott. Erindið samþykkt samhljóð. Varðandi heitan pott er vísað í 69. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
5. Norska Húsið.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla óskar eftir leyfi til að setja upp skilti. Vísað er í umsókn dags. 12 maí 2003. Erindið samþykkt samhljóða.
6. Gömlu öskuhaugarnir.
Gömlu öskuhaugarnir voru ræddir og rætt um nauðsyn þess að ljúka frágangi við svæðið.
7. Súgandisey.
Rætt var um nauðsyn þess að göngustígur upp á Súgandisey verði lagfærður, einnig var rætt um ónóga merkingu vegna grjóthruns.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:00

Gretar D. Pálsson (sign.),

Dagný Þórisdóttir (sign.),

Guðmundur Kristinsson (sign.),

Þorgrímur Kristinsson (sign.),

Kristján Gunnlaugsson (sign.),

Þorbergur Bæringsson (sign.),

Sveinn Björnsson (sign.).